

Mansal á vinnumarkaði

- einkenni og viðbrögð -

Handbók fyrir starfsfólk
stéttarféлага



Mansal er ein grófasta birtingarmynd mannréttindabrota og nauðsynlegt að stéttarfélag, stjórnvöld og almenningur séu meðvituð um þá vaxandi ógn sem mansal er. Talið er að nærri 21 milljón manns séu þolendur mansals í heiminum, þar af 16,5 milljónir í nauðungarvinnu.

Þrátt fyrir alþjóðlega baráttu gegn mansali hefur vandinn vaxið síðustu ár og mun sennilega halda áfram að vaxa. Þó að aldrei sé hægt að segja að ákveðnir einstaklingar séu líklegri en aðrir til að vera seldir mansali þá eru ákveðnir hópar berskjaldaðri og ákveðnar aðstæður þar sem mansal þrífst öðru fremur. Átök í heiminum, flóttamannastraumur og skortur á mannréttindum auka líkur á mansali.

Ef litið er til Íslands þá skiptir öllu máli að vera með virkt eftirlit, opna umræðu og skýra verkferla til að minnka líkur á mansali. Hér á landi eru stéttarfélögin einn mikilvægasti hlekkurinn í baráttunni gegn mansali þar sem starfsfólk þeirra hefur oft besta yfirsýn yfir vinnumarkaðinn og hvar brotalamirnar eru. Þessari handbók er ætlað að auðvelda starfsfólki stéttarfélaga að þekkja mansal, geta greint það og spyrja réttu spurninganna og ekki síst að upplýsa um hvert á að snúa sér þegar grunsemdir um mansal vakna.

Hvað er mansal?

Mansal er þegar einstaklingur eða hópur einstaklinga nýtir sér bága stöðu annarrar manneskju með eigin gróða að leiðarljósi. Hin formlega skilgreining er þrjúþætt; hún tekur til verknaðar, aðferða og tilgangs. Skilgreining felur í sér að:

1. Skipuleggja flutning, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi þar sem valdi er beitt eða annarskonar nauðung og hótunum.
2. Brottnám, svik og blekkingar.
3. Þegar bág staða einstaklings er nýtt og skiptir samþykki hans þá ekki máli.

Verknaðurinn

- Útvega, flytja, afhenda, hýsa, taka við

Aðferðin

- Ólögsmæt nauðung
- Frelsissvipting
- Hótanir
- Ólögsmætar blekkingar (aðstaða eða bág staða)

Hagnýting

- Kynferðisleg misnotkun
- Nauðungarvinna
- Brottnám líffæra

Einkenni mansals

Hér eru dregin fram einkenni mansals og vísbendingar um að eitthvað misjafnt eigi sér stað á vinnustaðnum sjálfum eða meðal starfsfólksins. Þó að ýmislegt af neðangreindu geti átt við þá er ekki endilega um mansal að ræða heldur eru þetta vísbendingar. Til að greina mansal þarf alltaf að skoða heildarmyndina og meta hvert mál fyrir sig. Það er ekki starfsfólk stéttarfélagi sem hefur sjálfstæða rannsókn á mansalsmálum heldur ber að tilkynna það til lögreglu ef grunur vaknar og lögregla rannsakar mál í framhaldinu. Ef starfsmaður er í vafa er eðlilegt að leita ráðgjafar hjá samstarfsfólki, Starfsgreinasambandinu, ASÍ eða mansalsteymi lögreglunnar.

Einkenni mansals á vinnustað

- Vinnuaðstæður eru ekki boðlegar og teljast brot á lögum og kjarasamningum.
- Atvinnurekandinn getur ekki sýnt ráðningarsamninga, launaseðla eða staðfestingu á launagreiðslum.
- Launagreiðslur eru óreglulegar og handahófskenndar.
- Starfsmaðurinn býr á sama stað og hann vinnur og/eða er háður atvinnurekanda með fæði, húsnæði, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og samgöngum. Húsaleiga er oft hærrí en almennt gerist um sams konar húsnæði.
- Margir starfsmenn búa á sama stað og fara sjaldan eða aldrei út fyrir vinnustað/dvalarstað.
- Húsnæði starfsmanns mætir ekki kröfum um aðbúnað.
- Vinnustaðurinn er þannig staðsettur að erfitt er að komast þaðan.
- Á vinnustaðnum eru eftirlitsmyndavélar til að fylgjast með starfsfólki, skilti sem varar starfsfólk við að yfirgefa staðinn o.s.frv.
- Erfitt er að ná starfsfólki á eintal og atvinnurekandi krefst þess að vera viðstaddur.
- Aðstæður og kjör eru önnur en lofað var í upphafi.
- Starfsmaður greiðir sjálfur fyrir vinnuföt og jafnvel verkfæri.

Einkenni mansals – starfsfólk

- Starfsmaðurinn er ekki frjálst ferða sinna.
- Starfsmaðurinn vissi ekki fyrirfram hvar hann átti að vinna.
- Starfsmaðurinn veit ekki hvað hann er með í laun.
- Starfsmaðurinn borgaði fyrir að fá starfið.
- Starfsmaðurinn sýnir einkenni ótta gagnvart yfirmönnum.
- Starfsmaðurinn sýnir vantraust gagnvart yfirvöldum, t.a.m stéttarfélögum, lögreglu og vinnueftirliti.
- Starfsmaðurinn veit ekki hvar hann er (land/landshluti) og skipulagði ekki sjálfur ferð sína á staðinn.
- Starfsmaðurinn segir samhengislaust frá og sýnir merki um að tala gegn sannfæringu.
- Starfsmaðurinn hefur ekki aðgengi að samskiptamiðlum (síma og/eða tölvu).
- Starfsmaðurinn er ekki með eigin skilríki eða skilríki virðast fölsuð.
- Starfsmaðurinn skilur ekki hvornig laun hans eru reiknuð eða hvað kemur til frádráttar.
- Starfsmaðurinn er ekki með atvinnuleyfi.

Sérstaklega viðkvæmir einstaklingar / viðkvæmar aðstæður

- Starfsmaðurinn tilheyrir hópi sem nýtur ekki jafnréttis í samfélaginu (vegna kyns, stöðu flóttamanns eða hælisleitenda, vegna uppruna, fötlunar, trúar eða menningarhóps).
- Starfsmaðurinn hefur takmarkaða menntun eða er ólæs og kann ekki íslensku.
- Starfsmaðurinn er háður atvinnurekanda með fæði og húsnæði og jafnvel störf fyrir ættingja.
- Starfsmaðurinn vitnar í trú eða menningu af ótta.

Skuldanauðung

- Starfsmaðurinn þarf að greiða há gjöld til að fá vinnu, vegna flutninga, húsnæðis, fæðis, vinnubúnaðar eða öryggisútbúnaðar. Þetta er dregið af launum starfsmanns með ógagnsæjum hætti.



Spurningar fyrir starfsfólk

Ef starfsfólk stéttarfélaga kemst í samband við þá sem grunur leikur á að séu þolendur mansals má spyrja eftirfarandi spurninga til að greina hvort nauðsynlegt sé að fara með málið lengra eða hvort um brot á kjarasamningum er að ræða. Þá er ágætt að hafa þessar spurningar í huga ef viðkomandi leitar til stéttarfélags. Svör við þessum spurningum geta gefið vísbendingar um alvarleika málsins.

- Ertu með ráðningarsamning?
- Færðu útborgað reglulega og afhenta launaseðla?
- Hvað vinnur þú marga tíma á dag?
- Hvernig fékkstu vinnuna?
- Getur þú hætt í starfi ef þér sýnist?
- Getur þú komið og farið eins og þér hentar utan vinnutíma?
- Hefur þér eða fjölskyldu þinni verið hótað?
- Skuldar þú einhverjum vegna komunnar hingað til lands? T.d. ferðakostnað, milligönguþóknun o.fl.
- Hvar og hvernig býrðu?
- Hvar borðar þú og sefur?
- Þarft þú að biðja um leyfi til að borða, sofa eða fara á salernið?
- Er læsing á útihurð eða gluggum sem koma í veg fyrir að þú farir út?
- Ertu sjálf/ur með þín eigin skilríki og önnur persónuleg gögn?
- Hefurðu aðgang að síma og/eða tölvu?

Viðbrögð stéttarféлага

Hlutverk stéttarféлага er að grípa til viðeigandi aðgerða þegar upp koma mál þar sem grunur er um mansal. Að öðru leyti skulu stéttarfélög vinna málin áfram eins og önnur mál sem varða kjarasamningsbrot. Þá metur stéttarfélagið það með lögreglu hvernig skuli halda málu áfram og hvert hlutverk stéttarfélagsins er í því ferli.

Meginreglurnar eru þessar:

- Ef þú ert ekki viss, leitaðu ráða hjá samstarfsmanni, Starfsgreinasambandinu eða ASÍ.
- Hægt er að hringja í mansalsteymi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að leita ráða.
- Ef um augljóst mansal er að ræða skal tilkynna það lögregluþvöldum á hverjum stað.

Hvað gerist svo?

Lögreglan er í samstarfi við viðbragðsteymi á vegum velferðarráðuneytisins þar sem markmiðið er að tryggja mögulegum þolendum mansals velferðarþjónustu við hæfi. Félagsþjónustan leikur lykilhlutverk þegar kemur að því að annast félagsleg úrræði eins og húsnæði og framfærslu og útvega heilbrigðisþjónustu en sérþekking á málaflokknum er hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Þó að mansalrannsókn sé í gangi getur stéttarfélagið líka sinnt sínum störfum sjálfstætt, þ.e. að reikna út laun samkvæmt kjarasamningum og senda í innheimtu samkvæmt verklagi stéttarfélagsins. Mælt er með því að stéttarfélagið upplýsi lögregluþvöld um slíkt en lögregluþvöld hafa eðli málsins samkvæmt ekki tilkynningarskyldu til stéttarfélagsins um framgang málsins.

Starfsgreinasambandið á fulltrúa í stýrihópi stofnana sem koma að mansalsmálum og nauðsynlegt er að upplýsa SGS um mál sem koma upp án þess að trúnaður sé brotinn eða viðkvæmum upplýsingum miðlað.

Starfsgreinasambandið býður, í samráði við stýrihóp innanríkisráðuneytisins, upp á fræðslu fyrir starfsfólk, fagaðila og almenning og eru stéttarfélögin hvött til að nýta sér þá fræðslu.

Mikilvæg símanúmer og úrræði

- **112** – **Lögreglan** á hverjum stað fer með rannsókn mansalsmála en hægt er að biðja um samband við mansalsteymi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að leita ráða.
- **1717** – **Rauði krossinn** rekur hjálparsíma sem þolendur geta hringt í sér að kostnaðarlausu og í trúnaði.
- **Félagsþjónustan** á hverjum stað aðstoðar þolendur við fyrstu skrefin varðandi neyðarúrræði.
- **561 1205** – **Kvennaathvarfið** hýsir konur sem eru þolendur mansals og rekur vakt allan sólarhringinn.